

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Birgittu Jónsdóttur
um framlög ríkisaðila til félagasamtaka.

Fyrirspurnin hljóðar svo.

1. *Hvaða ríkisaðilar sem heyra undir ráðherra eru aðilar að félagasamtökum og að hversu miklum hluta? Hversu mikið hafa ríkisaðilarnir greitt í þau félagasamtök á árunum 2007–2013 í formi félagsgjalda eða með annars konar framlagi? Svar óskast sundurliðað eftir ríkisaðila, félagasamtökum og almanaksári.*
2. *Hvers konar aðhaldi og eftirliti hefur hver og einn ríkisaðili beitt til að tryggja að framlagi hans sé varið í samræmi við tilgang félagasamtakanna á árunum 2007–2013?*
3. *Hver félagasamtakanna hafa ákvæði í lögum sínum um að reikningar þeirra séu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, skoðaðir af félagslegum skoðunarmönnum eða með öðrum hætti? eru einhver þeirra með engin slík ákvæði?*

Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofun greiddi stofnunin eftirfarandi í félagsgjöld: árið 2007 19,9 millj. kr., árið 2008 20,6 millj. kr., árið 2009 19 millj. kr., árið 2010 18,1 millj. kr., árið 2011 19,4 millj. kr., árið 2012 19,5 millj. kr. og árið 2013 20 millj. kr. Sjá nánar í eftirfarandi töflu.

Fangelsismálastofnun situr vikulega fundi hjá Vernd þar sem farið er yfir starfsemina. Jafnframt berast stofnuninni ársskýrslur með lykilupplýsingum á hverju ári.

Vernd hefur endurskoðanda til að tryggja að rétt sé að hlutum staðið.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti sérstaks saksóknara greiddi embættið eftirfarandi í félagsgjöld: 5.000 kr. árið 2009, árið 2010 76.400 kr., árið 2011 148.500 kr., árið 2012 174.500 kr. og árið 2013 170.300 kr. Sjá nánar í eftirfarandi töflu.

Forstöðumaður og starfsmenn embættisins mæta á aðalfundi nefndra félaga. Í samþykktum félaganna eru ákvæði um skoðun eða endurskoðun.

Í lögum og reglum nefndra félaga eru ákvæði um endurskoðun eða skoðun af félagslegum skoðunarmönnum.

Samkvæmt upplýsingum frá ríkislögreglustjóra greiddi stofnunin eftirfarandi í félagsgjöld: 149.500 kr. á árinu 2007, 155.000 kr. árið 2008, 127.500 kr. árið 2009, 167.500 kr. árið 2010, 128.500 kr. árið 2011, 158.100 kr. árið 2012 og árið 2013 168.900 kr. Sjá nánar í eftirfarandi töflu.

Embætti ríkislögreglustjóra hefur með virkri þátttöku af félagsstarfi viðkomandi félaga fengið glögga mynd af starfi þeirra. Hjá öllum félaganna eru ákvæði um endurskoðun á reikningum, flestöll með ákvæði um að félagslegum skoðunarmönnum sé falin endurskoðun reikninga.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu greiddi embættið eftirfarandi í félagsgjöld: árið 2007 135.000 kr., árið 2008 350.600 kr., árið 2009 277.300 kr., árið 2010 205.600 kr., árið 2011 109.914 kr., árið 2012 111.300 kr. og árið 2013 342.700 kr. Sjá nánar í eftirfarandi töflu.

Starfsmenn embættisins hafa sótt aðalfundi félaganna fyrir hönd stofnunarinnar. Hjá flestum félögum eru ákvæði um endurskoðun.

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	Samtals
Fangelsismálastofnun								
Götusmiðjan ehf.	102.000	376.000	286.400					764.400
Krossgötur, sjálfseignarstofnun	158.710							158.710
SÁÁ sjúkrastofnanir	385.000	525.000	35.000			490.000	420.000	1.855.000
Sólheimar ses.	1.790.728	1.735.934	1.248.426	735.501	895.495	531.856		6.937.940
Styrktarfélag Samhjálpur	0				945.000		917.000	1.862.000
Vernd, fangahjálp	17.425.000	17.964.612	17.424.996	17.424.996	17.590.739	18.459.253	18.624.996	124.914.592
Félag forstöðumanna ríkisstofnana					6.000	7.000	10.000	23.000
Dokkan slf.							43.900	43.900
Félag mannaútsjóra ríkisins							10.000	10.000
Samtals	19.861.438	20.601.546	18.994.822	18.160.497	19.437.234	19.488.109	20.025.896	136.569.542
Embætti sérstaks saksóknara								
Ákærendafélag Íslands	5.000	50.000	120.000	145.000	135.000	455.000		
Félag forstöðumanna ríkisstofnana			6.000	7.000	10.000	23.000		
Sýslumannafélag Íslands		22.500	22.500	22.500	25.300	92.800		
Lögretta, félag laganema við Háskólann í Reykjavík		3.890				3.890		
Lögreglustjórafélag Íslands						0		
Félag um innri endurskoðun						0		
Samtals	5.000	76.390	148.500	174.500	170.300	574.690		
Ríkislögreglustjóri								
Ákærendafélag Ísland		25.000	10.000	30.000	5.000			70.000
Félag forstöðumanna	4.500	5.000	5.000	5.000	6.000	7.000	10.000	37.500
LÍSA, samtök	85.000	90.000	90.000	90.000	95.000	105.000	110.000	665.000
Lögreglustjórafélag	60.000	40.000		20.000				120.000
Skýrslutæknifélag Íslands						23.600	23.600	47.200
Sýslumannafélag Íslands			22.500	22.500	22.500	22.500	25.300	115.300
Samtals	149.500	155.000	127.500	167.500	128.500	158.100	168.900	1.055.000

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	Samtals
Félagsgjöld	67.500	175.300	138.650	102.800	54.957	55.650	171.350	766.207
Félag forstöðumanna ríkisstofnana	0		5.000	5.000	6.000	7.000	10.000	33.000
Félag mannauðsstjóra ríkisins							10.000	10.000
Félag um innri endurskoðun	7.500	12.500	12.250	15.300	26.457	26.150	27.150	127.307
Sjórnvísir			98.900				98.900	197.800
Sýslumannafélag Íslands		2.800	22.500	22.500	22.500	22.500	25.300	118.100
Lögreglustjórafélag Íslands	60.000	60.000		60.000				180.000
Ákærndafélag Íslands		100.000						100.000
	135.000	350.600	277.300	205.600	109.914	111.300	342.700	1.532.414